

**Hegðun í umferðinni á Þjóðvegi 1, séð með augum atvinnubílstjóra.
Arnar Þór Jóhannesson og Helga Einarsdóttir, Rannsóknamiðstöð
Háskólans á Akureyri – mars 2019.**

Í skýrslunni er gerð grein fyrir niðurstöðum netkönnunar meðal atvinnubílstjóra, sem framkvæmd var á tímabilinu ágúst 2018 til febrúar 2019.

Alls bárust 78 svör í könnuninni, sem var gerð hjá bílstjórum sem keyra reglulega á milli Akureyrar og Reykjavíkur. Þátttakendur voru spurðir hversu mikið eða lítið vandamál þeir teldu ákveðin atrið vera á þjóðveginum, hvort einhver hluti leiðarinnar væri sérstaklega varhugaverður og hvar þeir teldu brýnast að stytta leiðina.

Í samantektarkafli skýrslunnar kemur eftirfarandi fram um niðurstöðurnar:

Mikill meirihluti þátttakenda keyrði oftast bíl til fólksflutninga eða í 79% tilvika. Flestir þátttakendur voru í aldurshópnum 56 ára og eldri eða 49%. Um helmingur þátttakenda hafði einnig starfað sem atvinnubílstjóri í 10 ár eða minna.

Ójafnt akstur er sá þáttur varðandi hegðun ökumanna á þjóðvegi 1 milli Akureyrar og Reykjavíkur sem flestir tiltóku sem mikið vandamál en 70% aðspurðra töldu það vera mikið vandamál og þar af töldu 22,4% vandamálið vera mjög mikið. Næst flestir töldu stopp á hættulegum stöðum vera mikið vandamál en 36,4% töldu þetta vera mjög mikið vandamál og 31,2% frekar mikið vandamál. Skortur á stefnuljósanotkun, glæfralegur framúrakstur, farsímanotkun ökumanna, hraðakstur og umferð reiðhjólafólks voru einnig mikið vandamál að mati a.m.k. helmings svarenda.

Marktækur munur kom fram á milli afstöðu til hraðaksturs og aldurs, en þeir sem voru yngri voru líklegri til þess að finnst hraðakstur minna vandamál á þjóðvegi 1 samanborið við þá sem voru eldri. Einnig fannst marktækur munur milli afstöðu til umferðar reiðhjólafólks og ökutækis, en þeir sem keyrðu oftast bíl til fólksflutninga voru líklegri til þess að finnst umferð reiðhjólafólks meira vandamál heldur þeir sem keyrðu oftast bíl til vöruflutninga. Að auki kom fram marktækur munur á milli of lítils bils á milli bíla og ökutækis en þeir sem keyrðu oftast bíl til fólksflutninga voru líklegri til þess að finnst of lítið bil á milli bíla meira vandamál heldur en þeir sem keyrðu oftast bíl til vöruflutninga.

Þegar kemur að styttingu þjóðvegarins voru margir sem slepptu þeirri spurningunni en þar voru nánast bara tveir kostir sem komust á blað, stytting við Varmahlíð annars vegar og við Blönduós hins vegar. Mun fleiri nefndu Varmahlíð sem þann kost þar sem stytting væri mikilvægust.

Spurt var um sérstaklega varhugaverða staði á leiðinni og þar skáru þrír hlutar sig sérstaklega úr, kaflinn frá Borgarnesi til Reykjavíkur (annað en Hvalfjarðargöng), Holtavörðuheidi og Öxnadalsheiði.